

Nd.

929. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 55 1928 bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Á svæðinu frá Hjörleifshöfða vestur um til Látrabjargs skulu veiðar með dragnótum leyfðar í landhelgi frá 15. júní til 30. nóvember ár hvert. Á Breiðafirði og Faxaflóa skal slík veiði þó aðeins heimil skipum, sem skrásett eru innan lögsagnarumdæma, er að þeim liggja, öðrumhvorum eða báðum.

2. gr.

Ákvæði 8. gr. laganna falla niður að því er snertir það svæði, er um ræðir í 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1931.